

382. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 18. nóvember 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Eyþór Benediktsson, varaformaður
Rúnar Gíslason, varamaður
Mætt voru: Guðmundur Kristinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Varaformaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Fræðslunefnd, dags. 17.11.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt.

Rúnar Gíslason forseti bæjarstjórnar leggur fram eftirfarandi bókun:

“Ég undirritaður lýsi ánægju minni með að samninganefndir grunnskólakennara og sveitarfélaga luku viðræðum sínum með undirritun kjarasamnings, eftir langt og strangt verkfall og hvet báða aðila til að staðfesta hann í atkvæðagreiðslu þeirri sem framundan er. Ég tel að lög hefðu verið vondur kostur fyrir báða aðila og væntanlega haft neikvæð áhrif á skólastarfið í framtíðinni. Sem forseti bæjarstjórnar harma ég þau ummæli sem Alda Baldursdóttir grunnskólakennari, hefur eftir “varabæjarfulltrúa” á fundi með kennurum þann 15. nóvember síðastliðinn í grein sinni í Stykkishólmspóstinum. Þessi “varabæjarfulltrúi” túlkar á engan hátt ríkjandi viðhorf bæjarstjórnar til kennara og hvet ég L-listann eindregið til að gera athugasemdir við málflutning hans og framkomu.”

Stykkishólmi 18. nóvember 2004.

Rúnar Gíslason forseti bæjarstjórnar.

- 1.2. Hafnarnefnd, dags. 4. og 15. nóvember 2004.
Fundargerðir framlagðar, ráðningu hafnarvarðar er vísað til bæjarstjórnar. Guðmundur Kristinsson spurði um rökstuðning fyrir vali hafnarnefndar. Bæjarstjóri gerði grein fyrir að valið hafi farið fram með leynilegri atkvæðagreiðslu og enginn rökstuðningur framlagður. Fundargerðir samþykktar að öðru leyti.
- 1.3. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 3.11.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 1.4. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 11.11.2004.
Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarráð vísar byggingu þjónustuíbúða til vinnu þriggja ára fjárhagsáætlunar fyrir árin 2006-2008.

2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2005 – framhaldsvinna.
Drög að fjárhagsáætlun lögð fram og rætt um ýmsa liði.
3. Fundarboð aðalfundar Héraðsnefndar, 22.11. kl. 17:00, dagskrá og fjárhagsáætlun.
Fundarboð og fjárhagsáætlun framlagt, bæjarráð og bæjarstjóri munu sitja fundinn.
4. Skýrslan “Snæfellsnes á leið til sjálfbærrar þróunar”.
Bæjarstjóri tók á móti skýrslunni við formlega athöfn að Röst á Hellissandi og hefur sent öllum bæjarfulltrúum hana.
5. Green Globe 21.
Bæjarstjóri og formaður bæjaráðs tóku á móti viðurkenningarskjali umhverfissvottunarsamtakanna Green Globe 21 í London 10. nóvember s.l.
6. Bréf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna fjárhagsáætlunar 2005 og fl., dags. 2.11.04.
Bréf og fjárhagsáætlun lögð fram og vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2005.
7. Tillaga sameiningarnefndar félagsmálaráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.
Tillaga framlögð og vísað til bæjarstjórnar.
8. Bréf Braga Jósepssonar, dags. 8.11.2004.
Bréf Braga framlagt, bæjarráð sér ekki fært að veita styrk til þessa verkefnis.
9. Bréf stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Sæferða, dags. 10.11.2004.
Bréf framlagt. Bæjarráð biður eftir álitni nefnda.
10. Bréf stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Sæferða, dags. 12.11.2004.
Bréf framlagt. Erindi verður skoðað nánar á næsta bæjarráðsfundi.
11. Bréf framkvæmdastjóra Sæferða, dags. 15.10.2004.
Bréf framlagt.
12. Bréf sviðsstjóra Þróunar- og alþjóðasviðs, dags. 9.11.2004, ásamt greinargerð “Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?”
Gögn framlögð.
13. Drög að samstarfssamningi um brunavarnir.
Drögin framlögð, afgreiðslu frestað.
14. Bréf framkvæmdastjóra Háskólaseturs í Hveragerði, dags. 1.11.2004.
Bréfið framlagt. Bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.
15. Guðmundur Kristinsson spurði fyrir um verklok við Hjallatanga.
Erindinu svarað á næsta fundi.
16. Rúnar Gíslason spurðis fyrir um skólastarf í vetur og hvort kannaðir yrði möguleika að bæta nemendum kennslutapið.
17. Vefmyndavél.
Bæjarráð þakkar Sesselju Pálsdóttur fyrir það frumkvæði að safna fyrir vefmyndavél og koma henni upp í Amtsbókasafninu.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00

Þór Örn Jónsson, bæjarritari